

Fimmtudaginn 21. júní 1962.
 Nr. 4/1961. **Landssamband íslenzkra verzlunarmanna**
 (Áki Jakobsson hrl)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938, að lögð verði fram í málinu eftirtalin gögn.

1. Af hálfu stefnanda: Samþykktir allra þeirra verzlunarmannafélaga, sem eru í Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna.
2. Félagaskrár sömu félaga, miðað við núverandi félagatal og í því formi, sem 8. gr. laga Alþýðusambands Íslands mælir fyrir.
3. Rétt er, að stefndi tjái sig því næst um hverja samþykkt fyrir sig og lýsi þeim atriðum, sem hann telur, að eigi samræmist lögum alþýðusambandsins.
4. Rétt er einnig, að stefndi tjái sig um félagatal hvers einstaks félags innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og geri grein fyrir því, ef hann telur einhverja af þeim, sem þar greinir, ekki eiga heima í stéttarfélagi verzlunarmanna og skrifstofufólks.
5. Gerð sé grein fyrir því, hvort þau þrjú félög í Landsambandi íslenzkra verzlunarmanna, sem þegar njóta félagsréttinda í Alþýðusambandi Íslands séu einnig fullgildir félagar í hinu fyrrnefnda.

Gagnaöflun þessi fari fram svo fljótt sem föng eru á og sé jafnframt aflað annarra þeirra gagna, er tilefni gefst til.

Úrskurðarorð:

Afla skal framangreindra gagna svo fljótt sem unnt er.
